



Tillaga að listaverki á austurgafli Sjávarútvegshússins

2) Greinagerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval, uppbyggingu og útfærslu.

„ Hafsauga “ er nafn tillögunnar og er huglæg vísun höfundar í fyrirbærið. Þegar höfundur ákvað að taka þátt í samkeppni um gerð listaverks á gafi Sjávarútvegshússins kom formið fyrst á blað og ekkert annað nema blátónalitirnir í hringjunum. Þetta form myndar einskonar auga sem sést úr mikilli fjarlægð og grípur strax „ augað“. Inni í þessu auga eru margir hringir sem geta táknað mismunandi sjávardýpi frá ljósbláum við ströndina ónó dökkbláan í regindjúpi hafsins. En eftir því sem áhorfandinn dregst nær veggnum koma teikningarnar inni í auganu betur og betur í ljós. Inn í hafsauganu synda fiskarnir upp úr djúpinu í allar áttir og litirnir í teikningunni færast ætíð frá einum hring til annars. Fiskarnir verða stærri og sýnilegri eftir því sem ofar dregur þar sem síldin og þorskurinn eru mest áberandi. Enda ekki að ástæðulausu að landsmenn töluðu um silfur hafsins eða gull Íslands um síldina og þorskurinn saltaður og sólþurrkaður var krýndur á kórónu fyrsta skjaldamerkis Íslands. Bátarnir og skipin sveima í ysta hring í leit sinni að bráðinni. Þeir eru 12 einsog tölurnar í klukkuganginum og ber að skoðast í þeirri röð (sjá skýringar hér að neðan). Árabátaöld – skútuöld – vélaöld. Bátar og veiðfæri eru verkfæri mannsins til að veiða fiskinn upp úr hafinu. Fiskurinn er efnahagsleg uppspretta sem við lifum af sem þjóð.

Það sem vakir fyrir mér fyrst og fremst er að búa til myndverk þar sem listsköpunin er höfð að leiðarljósi svo að úr verði heilsteypt verk. En inni í verkinu er þó að finna heilmikla sögu og fróðleik úr sögu sjávarútvegs á Íslandi sem má vera að sé óreiðukennd við fyrstu sýn. Stærðarhlutföllin miðast við að skapa heildarmynd, einskonar stef sem spanna það smæsta alla leið úr djúpinu upp á yfirborðið í það stærsta í ysta hring.

Gert er ráð fyrir að listverkið sé málað á vegginn.

Efnisöflun – fróðleikur – myndefni.

Skip og bátar sem koma fram í tillögunni lesast eftir klukkuganginum.

- 1) Efst í hádegisstað. Vs. Gróttta var þrísigld skonnorta en hafði hjáparvél. 1942 var henni breytt úr skútu í vélbát þegar sett var í hana 320 ha. Díselvél. Teikningu af Grótttu er að finna í bók Jóns Páls Halldórssonar „ Frá línuveðum til togveiða „ einnig á bls. 47 „ Nýsköpunaröld „ Saga sjávarútvegs á Íslandi 3.bindi 1939 – 1973.
- 2) Teikning af óþekktum skuttogara úr bókinni „ Fiskar og Fiskveiðar – Fiskabók AB bls.222.
- 3) Ljósmynd á bls. 212 í bókinni „ Silfur Hafsins – Gull Íslands „ 2.bindi. Mótorbáturinn Auðbjörg NK 66 en þessi 15 tónna bátur var smíðaður í sjóhúsi Jakobs Jakobssonar á Norðfirði veturinn 1934 – 35 sem dagróðrabátur. Var notaður í síldarmerkingum til ársins 1966. Á tillögunni er bátnum snúið á hvolf og tengist úr stafni í hvalveiðibyssu (með skállegu leyfi höfundar) sem byggð er á teikningu úr dagbók Finn Bulls frá 1906. Samskonar byssur voru þá í notkun á bátum hvalstöðvarinnar í Hellisfirði á Austfjörðum. Úr bókinni „ Stórhvalveiðar við Ísland til 1915 „ eftir Smára Geirsson. Sögufélag Rvk. 2015.
- 4) Teikning sem sýnir hrognkelsanet lögð ef tveir voru á bát. Úr bókinni „ Íslenskir sjávarhættir „ nr.4 eftir Lúðvík Kristjánsson
- 5) Teikning á bls.189 úr bók Jóns Þ.Þór „ Sjósókn og sjávarfang „ Saga sjávarútvegs á Íslandi 1.bindi Árabáta og –skútuöld. Tvísigld skonnorta ein af þremur helstu gerð af þilskipum íslendinga á 19.öld.

- 6) Ljósmynd á bls.65 í bókinni „ Nýsköpunaröld „ Saga sjávarúrtvegs á Íslandi 3.bindi 1939 – 1973. Jón Þ.Pór. Nýsköpunartogarinn Röðull frá Hafnarfirði var mikið happaskip og meðal þeirra nýsköpunartogara sem lengst var haldið til veiða frá 1948 – 73.
- 7) Ljósmynd á bls.91 í bókinni „ Silfur hafsins – Gull Íslands „ Síldarsaga íslendinga 2.bindi. Áskell ÞH 48 kominn með gott hringnótakast að síðunni.
- 8) Teikning á bls.324 af Kópi í Skáleyjum úr bókinni „ Íslenskir sjávarhættir „ nr.2 eftir Lúðvík Kristjánsson. Á bls.319 stendur „ Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum smíðaði árið 1915 4 manna farið Kóp fyrir Jóhannes Jónsson bónda í Skáleyjum. Báturinn er af þeirri stærð og gerð sem mikið var notuð í Breiðafjarðareyjum einkum í Vestureyjum „.
- 9) Ljósmynd úr sömu bók á bls.251 er sýnir minnstu stærð færeyskra báta sem Íslendingar eignuðust.
- 10) Ljósmynd á bls.113 úr bókinni „ Silfur hafsins – Gull Íslands „ – Síldarsaga íslendinga 2.bindi. Bátar með fullfermi bíða löndunar á Siglufirði. Þetta var á fyrstu árum aflahrotunnar miklu í Norðurhöfum.
- 11) Ljósmynd tekin af vefútgáfu mbl.is 8.janúar 2018. Beitir NK á loðnumiðunum.
- 12) Teikning úr bókinni „ Íslenskir sjávarhættir „ nr.2 bls.224 úr kaflanum Segl í hinum ýmsu verstöðvum. „ Loggortusegl ásamt sprytsegl og fokka án útleggjara, gamla Djúpbátalagið „.

Ljósmyndir og teikningar af fiskum og sjávarspendýrum voru fundnar í eftirtöldum bókum :
 Fiskar og Fiskveiðar við Ísland og í Norðaustur-Atalantshafi 3.útgáfa AB 1991. Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson. Fjölvi 1992. Íslenskir Fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jón Björn Pálsson. Myndir eftir Jón Baldur Hlíðberg. Mál og Menning 2006, 2013. Stórhvalveiðar við Ísland til 1915 eftir Smára Geirsson. Sögufélag 2015.

Ekki verða talin upp öll fiskanöfnin sem finna má í tllögunni en það sakið tekið fram að um er að ræða flestar nytjafiskategundir í hafinu í kringum Ísland. Til gamans er hér skrá sem skrifuð var af vefsíðu mbl.is 9.janúar 2018. Afurðir á fiskmarkaði þann daginn : Þorskur - Ýsa - Ufsi – Karfi - Blálanga - Langa – Keila – Steinbítur – Skötuselur – Grálúða – Skarkoli – Þykkvalúra – Langlúra – Sandkoli – Skrápflúra – Síld – Blágóma – Geirnyt – Grásleppa – Gullkarfi – Gulllax – Háfur – Hámeri – Hlýri – Hnísa – Hvítaskata – Kolmurni – Lúða – Lýsa – Maríuskata – Náskata – Rauðmagi – Sandhverfa – Tindaskata.